

Frá: Guðrún Fanney Sigurðardóttir <guðrun.sigurdardottir@hrn.is>

Sent: 19 June 2020 11:54

Til: Karl Óttar Pétursson <karl@fjardabyggd.is>

Efni: Svar við erindi til heilbrigðisráðherra

Tilvísun í mál: HRN19100052

**Hjúkrunarheimilið Uppsalið, Fáskrúðsfirði
Karl Óttar Pétursson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar**

Heilbrigðisráðuneytið vísar til erindis frá bæjarstjóra Fjarðabyggðar, dags. 7. október 2019, þar sem óskað er eftir velvilja ráðuneytisins og 120 - 140 milljónum króna í styrk til þess að fara í endurbætur á hjúkrunarheimilinu til að bæta aðstöðu íbúa.

Ef til stendur hjá stjórnvöldum að úthluta styrkjum þá ber þeim að auglýsa slíkt til að gefa fleirum tækifæri á að nálgast styrkina, auglýsing er í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti og jafnræðissjónarmið sem stjórnvöldum ber að hafa í heiðri við úthlutun takmarkaðra gæða.

Ráðuneytið hefur ekki auglýst eftir umsóknum um styrki hvað varðar endurbætur á húsnæði og er því beiðni um 120 - 140 milljón króna styrk hafnað.

Ráðuneytið bendir á að úthlutað er úr Framkvæmdasjóði aldraðra á hverju ári. Auglýst er eftir umsóknum í byrjun hvers árs til verkefna sem ætlað er að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land og skal fé úr honum varið til byggingar stofnana fyrir aldraða, þjónustumiðstöðva og dagdvala, að mæta kostnaði við nauðsynlegar breytingar á slíku húsnæði og til viðhalds húsnæðis dagdvalar-, dvalar- og hjúkrunarheimila, auk annarra verkefna sem stuðla að uppbyggingu öldrunarþjónustu.

Sjá nánar: <https://www.stjornarradid.is/verkefni/lif-og-heilsa/oldrunarmal/framkvaemdasjodur-aldradra/>

Fyrir hönd ráðherra,

Guðrún Fanney Sigurðardóttir.



Guðrún Fanney Sigurðardóttir, sérfræðingur / Special Advisor

Heilbrigðisráðuneyti / Ministry of Health

Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8700

www.stjornarradid.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)